



Íris Róbertsdóttir
Bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar

Dagsetning 9.7.2026
Málsnúmer FRN26060082

Svar við erindi varðandi vinnuskóla sveitarfélaga

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið vísar til erindis frá bæjarstjóra Vestmannaeyjabæjar, fyrir hönd bæjarstjórnar Vestmannaeyja, dags. 6. júlí 2026, þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort fyrirhugað sé að endurskoða gildandi lagaákvæði eða leita annarra leiða til að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin, að mati bæjarstjórnar, í tengslum við vinnuskóla sveitarfélaga.

Líkt og komið hefur fram í fyrri svörum ráðuneytisins hefur um árábil verið miðað við að börn hafi náð 13 ára aldri þegar þau hefja þátttöku á vinnumarkaði og eru vinnuskólar sveitarfélaga þar með taldir. Enn fremur hefur komið fram í fyrri svörum ráðuneytisins að fyrrnefnt aldursviðmið í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sé í samræmi við tilskipun 94/33/EB frá 22. júní 1994 um vinnuvernd barna og ungmenna.

Fyrirnefnd tilskipun var felld undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/96 frá 28. júní 1996, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Í ljósi þess að umrætt viðmið um aldur barna sem hefja þátttöku á vinnumarkaði er í samræmi við tilskipun sem felld hefur verið undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið þykir ekki svigrúm til að lækka umrætt aldursviðmið, enda er það mat ráðuneytisins að slík ráðstöfun myndi teljast brot gegn fyrirnefndum samningi. Ekki er því fyrirhuguð endurskoðun á gildandi lagaákvæðum hvað varðar lágmarksaldur barna sem eru þátttakendur á vinnumarkaði hér á landi.

Vert er að taka fram að umræddur lágmarksaldur gildir á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og vinna barna yngri en 13 ára er þannig óheimil í öllum þeim ríkjum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Fyrir hönd ráðherra,


Bjarnheiður Gautadóttir


Jón Þór Þorvaldsson